

Ed.

606. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Þegar lögin um stimpilgjald voru sett 1921, voru lagðar allháar sektir við vanrækslu á því að stimpla skjöl þau, er stimpilskyld eru, en í næstu 10 ár mátti stjórnarráðið láta sektir niður falla eða lækka, ef sérstakar kringumstæður mæltu með því. Þessi frestur er nú útrunninn, og hefir það sýnt sig, að allmikil brögð eru að því, að menn hafa vanrækt að stimpla stimpilskyld skjöl, og er á eigendur þeirra fallin stórsekt, en engin heimild til eftirgjafa eða lækkunar.

Nefndin fellst á það, að rétt sé að veita heimild til þess að lækka sektir, og jafnvel láta þær falla niður, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. En nefndinni þykir varhugavert að hafa þessa heimild ótímabundna, og leggur því til, að heimildin gildi til 1. júlí 1937.

Þá vill nefndin benda ríkisstjórninni á það, að láta athuga sektarákvæði laganna, því vegna þess hve þau eru há, þykir nú óhjákvæmilegt að setja heimild þá, er um ræðir í frv.

Nefndin leggur til, að á frvgr. verði gerð svo hljóðandi

BREYTING:

Aftan við frvgr. komi: til 1. júlí 1937.

Alþingi, 22. nóv. 1935.

Jón Baldvinsson,
form., frsm.

Bernh. Stefánsson,
fundaskrifari.

Magnús Jónsson.